



Minnisblað

Viðtakandi: Ingólfur Arnarson, fjármálastjóri á fjármálasviði Kópavogs.

Sendandi: Jón Kristján Rögnvaldsson, skrifstofustjóri starfsstöðva og þróunar.

Málsnr: 24021890

Dags. 18. júní 2024.

Velferðarsvið hefur lengi stefnt að því að vinna ofan starfssemi herbergjasambýlisins að Vallargerði 26 en í kjölfar breytinga á íbúahópnum um mitt ár 2023 var sett af stað markviss vinna til þess að hægt að yrði að leggja niður Vallargerði sem búsetu fyrir fatlað fólk. Heimilið hefði fagnað 40 ára starfsafmæli í september og ljóst að úrræðið samrýmdist ekki lengur þeim kröfum sem gerðar eru til þjónustu við fatlað fólk í dag. Upphaflega bjuggu sjö íbúar í Vallargerði en íbúum var fækkað í sex og loks fimm eins og var í aðdraganda yfirfærslu málefna fatlaðs fólks árið 2011. Í kjölfar andláts eins íbúa í apríl 2023 og flutnings annars í ágúst 2023 voru einungis þrír íbúar eftir á heimilinu og höfðu tveir þeirra reglulega ítrekað óskir sínar um flutning af heimilinu.

Lagt var upp með að finna íbúðir fyrir íbúana sem eftir voru til að hægt yrði að bjóða þeim upp á betri valkost í búsetu með persónulegri þjónustu. Í samstarfi við Þroskahjálp festi Kópavogsbær kaup á tveimur íbúðum og þriðji íbúinn fékk úthlutaðri íbúð í gegnum ráðgjafa- og íbúðadeild Kópavogs enda búinn að eiga þar inni umsókn um langt skeið.

Í lok maí 2024 flutti síðasti íbúi Vallargerðis í íbúð sem keypt var í samstarfi við Þroskahjálp og er öll þjónusta við íbúana nú á hendi sértækrar heimaþjónustu velferðarsviðs Kópavogs. Þjónustan fer vel af stað og lofar góðu þó um gríðarleg viðbrigði séu fyrir einstaklingana þrjá sem hafa búið í miklu návígi við íbúa og starfsfólk Vallargerðis í gegnum árin.

Þessa dagana er Bryngerður Bryngeirsdóttir, síðasti forstöðumaður Vallargerðis að ljúka góðu starfi við lokun heimilisins með pökkun gagna og tiltekt. Vallargerði hefur lokið hlutverki sínu sem heimili fyrir fatlað fólk.

Virðingarfyllst,
Jón Kristján Rögnvaldsson
Skrifstofustjóri starfsstöðva og þróunar